

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2001

Nr. 310

688

24. apríl 2001

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Evrópusambandinu og EFTA-ríkjunum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Evrópusambandinu og EFTA-ríkjunum sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Auglýsingin öðlast þegar gildi og gildir til 22. maí 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

20. apríl 2001

Nr. 311

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Gufuneskirkjugarður, deiliskipulag. (Lagfærð auglýsing).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. febrúar 2000 deiliskipulag fyrir Gufuneskirkjugarð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgartún 35, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 21. mars 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 35. Skipulagsstofnun lagðist gegn birtingu auglýsingar um gildistöku skipulagsbreytingarinnar þar sem hún taldi að svara hefði átt bréfi frá Olúfélagi Íslands um samþykki breytingarinnar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt svæði 3, Jónsgeisli, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 7. mars 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt svæði 3, Jónsgeisla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Miðtún, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 28. febrúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðtún.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sægarðar 5, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra nr. 672/2000, var samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsstjóra þann 14. mars 2000 breyting á deiliskipulagi fyrir Sægarða 5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.